

Reglur Þingeyjarsveitar um tónlistarnám utan lögheimilissveitarfélags

Þingeyjarsveit býður upp á almennt tónlistarnám fyrir nemendur í grunnskólum Þingeyjarsveitar í tónlistardeildum þeirra.

Nemendur sem hafa verið nemendur við tónlistardeildir grunnskóla Þingeyjarsveitar geta sótt um heimild til tónlistarnáms við annan tónlistarskóla ef tónlistarnámið er sérhæfðara en tónlistardeildirnar geta boðið upp á. Afgreiðsla slíkra umsókna er á vegum fræðslu- og velferðarnefndar Þingeyjarsveitar.

Almennar reglur:

1. Ungmenni undir 18 ára aldri, með lögheimili í Þingeyjarsveit sem leggja stund á tónlistarnám í öðru sveitarfélagi, geta sótt um niðurgreiðslu námskostnaðar.
Skilyrði er að viðkomandi sé í fullu námi í tónlistarskóla sem sveitarfélagið viðurkennir, hafi áður stundað nám við tónlistardeildir grunnskólanna í Þingeyjarsveit og að viðkomandi standi ekki lengur til boða nám við hæfi í heimabyggð. Námið skal vera einingabært, þ.e. vera metið til eininga í framhaldsskóla.
2. Sækja þarf um niðurgreiðslu skriflega til fræðslu- og velferðarnefndar fyrir 1. ágúst ár hvert vegna náms á haustönn og 1. desember fyrir nám á vorönn.
3. Umsóknum skal fylgja rökstuðningur ásamt námsvottorði þar sem fram koma upplýsingar um ástundun og námsárangur ásamt umsögn kennara í viðkomandi aðalnámsgrein. Þessar upplýsingar eru hafðar til hliðsjónar við afgreiðslu umsóknarinnar.
4. Ef umsókn er samþykkt ber umsækjanda að skila inn upplýsingum um ástundun og námsárangur við lok hvernar annar. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að rifta gerðum samningum sé námsárangur ekki fullnægjandi í samræmi við skilgreiningar viðkomandi tónlistarskóla um lágmarkseinkunnir.
5. Ef nemandi í tónlistarskóla flytur lögheimili sitt í annað sveitarfélag á skólaárinu þá greiðir Þingeyjarsveit tónlistarnám nemandans fram að byrjun næstu annar frá dagsetningu lögheimilisskipta.
6. Þingeyjarsveit niðurgreiðir ekki tónlistarnám á háskólastigi.

Samþykkt á 8. fundi fræðslu- og velferðarnefndar þann 15. mars 2023.

Staðfest á 21. fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þann 23. mars 2023.